



Alþingi 16.3.2015

Málsnr.: 1501080

Málalykill: 0349

Reykjavík, 16. mars 2015.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis,  
Ögmundur Jónasson, formaður.

Við er til bréfs stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, undirritað af Ögmundi Jónassyni, þar sem mér, sem fyrrverandi innanríkisráðherra, er boðið að koma á fund nefndarinnar til að gera grein fyrir sýn minni á hið svokallaða „lekamál“.

Undanfarið hef ég verið í leyfi frá þingstörfum og því ekki svarað fyrra bréfi nefndarinnar. Þar sem mér hefur nú borist ítrekun þar sem óskað er svars eigi síðar en 17. mars nk. og ég kem ekki til þingsstarfa fyrr en eftir miðjan apríl, vísa ég til þeirra upplýsinga og gagna sem þegar liggja fyrir í umræddu máli.

Rannsókn og saksókn umrædds máls lauk með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur yfir fyrrum aðstoðarmanni mínum í nóvember sl. Líkt og ítrekað hefur komið fram var ég ekki upplýst um þá aðkomu hans fyrr en nokkrum dögum áður. Í það ár sem málið var til umræðu reyndi ég alltaf að svara spurningum um það í samræmi við þá vitneskju sem ég hafði á hverjum tíma. Það á jafnt við um svör mín við fyrirspurnum þingmanna í þingsal og til nefndarmanna í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þegar ég mætti á fund nefndarinnar.

Hvað varðar frumkvæðisathugun umboðsmanns Alþingis hefur umboðsmaður tilkynnt að því máli hafi formlega lokið með álit hans frá 22. janúar sl. Þar sem ég gegni ekki lengur embætti innanríkisráðherra, hef áður svarað umboðsmanni Alþingis í fjórum formlegum bréfum og er sem stendur í leyfi frá þingstörfum, þá vísa ég til ofangreinds og óska nefndinni velfarnaðar í sínum störfum en óska jafnframt ekki eftir að koma frekari upplýsingum að vegna málsins.

Virðingarfyllst,

Hanna Birna Kristjánsdóttir